

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 64/1999

frá 28. maí 1999

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 18/1999 frá 26. febrúar 1999⁽¹⁾.

Tuttugasta og þriðja tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 98/62/EB frá 3. september 1998 um aðlögun að tækniframförum á II., III., VI. og VII. viðauka við tilskipun ráðsins 76/768/EBE um samræmingu laga aðildarríkjanna um snyrtivörur⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi undirliður bætist við í 1. lið (tilskipun ráðsins 76/768/EBE) í XVI. kafla II. viðauka við samninginn:

„- **398 L 0062:** Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 98/62/EB frá 3. september 1998 (Stjtið. EB L 253, 15.9.1998, bls. 20).“

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 148, 22.6.2000, bls. 43 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 28, 22.6.2000, bls. 217.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 253, 15.9.1998, bls. 20.

2. gr.

Fullgiltur texti tilskipunar framkvæmdastjórnarinnar 98/62/EB á íslensku og norsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 29. maí 1999, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*.

Gjört í Brussel 28. maí 1999.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður

F. Barbaso

Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar

G. Vik

E. Gerner